

Vefir Ásgerðar Búadóttur

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Vefjarlistakonan Ásgerður Búadóttir kynnir um þessar mundir 16 veggteppi eftir sig í einum þriðja af vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin mun að nokkru til komin vegna þess að listakonan var Borgarlistamaður ársins 1984 og því fylgir, að viðkomandi þurfi helst að staðfesta, að hann hafi verið virkur í list sinni á tímabilinu.

Merkilegt og í raun réttu niðrandi ákvæði fyrir viðkomandi listamenn, því að eðli starfslauna hlýtur einmitt fyrst og fremst að vera að gefa þeim möguleika á að helga sig af enn meiri krafti virkri listsköpun sinni. Enginn listamaður, sem er sestur í helgan stein kemur t.d. til greina hér, því að til þess þyrftu þau að vera hrein heiðurslaun, líkt og ellilaun Alþingis í sumum tilvikum, sem ég lasta þó ekki.

Þá er tímabilið svo stutt og vinnuhraði listamanna svo misjafn, að ákvæðið er út í hött. Starfslaun eru þannig eðlilega veitt til margra ára í senn á hinum Norðurlöndunum, sem er hið eina rétta. Ásgerður Búadóttir hefur og tekið til bragðs að sýna afkastur vinnu síðastliðinna þriggja ára, enda er það seinvirk athöfn að vefa myndir og að sjálfsögðu gerir hún alveg rétt. Sýningin staðfestir svo ekki verður um villst, að hér er um virkan myndlistarmann að ræða.

Ásgerður hefur og einnig verið mjög virk á sýningarsviði und-

anfarin ár, bæði hér heima og erlendis; nú síðast sýndi hún t.d. í Nikolai Kirke í Kaupmannahöfn í sumar. Var það eftirminnileg sýning, svo sem ég hef áður getið í Kaupmannahafnarpestli og ég er alls ekki sammála ýmsum þarlendum gagnrýnendum, að myndir hennar hafi verið illa hengdar upp. Alls ekki eftir eðli húsakynnanna og t.d. í samanburði við aðra vefjarlistarsýningu er þar var í gangi um tíma.

Sumar myndanna nutu sín t.d. ennþá betur en ég minnst í annan tíma og vísa ég þá til þess, að nokkrar myndanna er ég að skoða í fjórða skiptið á sýningu á þrem árum.

Sýningin að Kjarvalsstöðum er hrifmikil en nokkuð þröngt um hana þannig að eitt teppi gripur inn í annað. Ekki er hægt að hengja teppi upp á sama hátt og málverk, því að hér er eðlis-munurinn of mikill. Ég virði mjög og er fullur aðdáunar á sérstöðu hins sigilda handverks í vefjarlistartækni á sama hátt og ég tek ofan fyrir sérstöðu og yndisþokka konunnar. En vefjarlistin lítur hér sínum eigin sérstöku og ströngu lögmálum þótt þau lúti um margt svipuðum form- og litrænum lögmálum og málverkið. En efnisáferðin og margþætt glíman við litinn er allt annars eðlis í málverkinu. Ég dáist jafn mikið að rismiklum vefnaði og góðu málverki, en þó á allt annan hátt.

Þannig er ekki að mínu mati hægt að skipa vefjarlistinni við hlið málverksins né höggmyndarinnar nema að mjög takmörkuðu leyti, en það rýrir að engu

gildi listgreinarinnar. Og því skyldu ofin teppi t.d. vera rétt-hærri rismikilli silfursmíð Hennings Koppel, svo einhver sé nefndur, en form gripa hans minnr ósjaldan á rismikinn skúlptúr, enda var maðurinn menntaður sem slíkur. Hvorki honum né öðrum kom nokkru sinni til hugar að setja slíka gripi á skúlptúrsýningar svo ég viti til.

Nú er Ásgerður Búadóttir menntuð í myndlistarskóla og það gefur teppum hennar einmitt hinn magnaða myndræna blæ sem yfir þeim er. En þetta ofurkapp að þrýsta listvefnaði inn á svið málverks- og högg-myndalistar, svo og annarra greina hreinn myndlista tel ég misvisandi, jafnvel þótt listræna gildið kunni að vera hið sama. Þess má og geta, að fornir og fágætir hlutir í listiðnaði eru metnir að verðleikum og seljast fyrir geyptifé á uppboðum ekki síður en málverk — en þeir eru

aldrei boðnir upp á málverka-
uppboðum — heldur séruppboð-
um listiðnaðar.

Ég hef áður skrifað um myndvefnað Ásgerðar Búadóttur og endurtek það því ekki hér. Mig langar þó til að vísa til einnar myndar er hreif mig öðrum fremur, sem var mynd nr. 11, „Vulkan“. Hér hefur gerandanum tekist að ná fram magnaðri samhverfri stemmningu, en það er mikill vandi og í fárra valdi.

Myndir Ásgerðar eru líkastar blöndu af vefjarlist, „collage“ og lágmyndum og eru í senn samhverfar sem byggingarfræðilegar. En ég verð ekki var við hina sterku þrívíðu kennd, sem sumir eru að vísa til. Slík kennd

kemur fram í hinum mögnuðu myndum Magdalene Abakanovichs frá Póllandi, er standa gjarnan á gólfi, en myndir Ásgerðar hanga jafnaðarlega á vegg og eru á ýmsan veg upphleyptar. Hina oft og tíðum ströngu formrænu uppbyggingu mýkir gerandinn svo með því að binda í vefinn óspunnið hrosshár, sem veitir inn í teppin léttum og loftrænum blæ, líkast þýðri golu og úrsvala háfjallanna.

Ásgerður Búadóttir er agaður listamaður, er vinnur á þröngu og takmörkuðu sviði, en hefur hér náð eftirminnilegum árangri og stendur framarlega í hópi norræna vefjarlistamanna.

Leirmyndir Guðna Erlendssonar


Guðni Erlendsson, sem þessa dagana og fram til sunnudagskvölds sýnir 33 leirverk í Listamiðstöðinni við Lækjartorg hefur víða komið við sögu. Hann er framkvæmdamaður mikill og hefur lengi rekið leirmunaverkstæði, fyrst Eldstö við Miklatorg en svo í gamla bænum. Þá stofnaði hann hinn annálaða veitingastað „Hornið“ og var þar með í mikilli og ánægjulegri byltungu nýrra viðhorfa í þeirri grein. Þar var og til húsa Gallerí Djúpið. Verzlun hans No. 1 var og um margt nýstárleg á þeim vettvangi. Á þessum umbrotatíma safnaði hann og mikið af fallegum hlutum í kring um sig, keypti verk framúrsteffnulistamanna, sem fæstir aðrir litu við, kenndi við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og skaut eiginlega allstaðar upp kollinum, þar sem eitthvað krassandi var að gerast. En fyrir tveim árum hætti hann öllum umsvifum öðrum en þeim er snúa sér að leirlistinni og síðan hefur hann haft hægt um sig.

Maður hefði alveg getað átt von á því, að Guðni héldi sýningu á leirverkum en naumast í því framúrsteffnulega formi, sem verk hans í Listamiðstöðinni verða að teljast.

Hér er um flata leirplatta að ræða, sem gerandinn skreytir á ýmsan hátt með þrykkum ljósmyndum og notar til þess sáldþrykkstæknina, sem mun í heild sinni ný tækniáferð hreindis að ég best veit. Hann skiptir svo formum hvers platta niður í mismunandi einingar til að fá líf í myndbygginguna og notar til þess leðurramur að mér sýnist.

Fyrir margt þá virkar þetta sem leikur leirlistarmanns við nýja möguleika sem, enn sem komið er, er á tilraunastiginu. Þær myndir virka sýnu hrifmestar, sem eru hreinar og ákvæðnar í útfærslu en það virðist vera vandamálið við þessa tækni að ná þeim árangri. Meira er um þokukennar myndir þar sem eitthvað virðist hafa farið úrskæiðis.

Á sýningunni eru einnig sígildir leirmunir svo sem vasar, skálar og veggdiskar og hér eru vinnubrögð gerandans öllu markvissari. Þetta er nokkuð þokkaleg frumraun á sýningavettvangi hjá Guðna Erlendssyni en hefði mátt vera meira krassandi í ætt við manninn á bak við verkin svo sem maður þekkti hann þá er umsvifin voru mest og fjölþættast.



Jón E. Guðmundsson

Tímamótasýning Jóns E. Guðmundssonar

Jón E. Guðmundsson, sem þekktastur er fyrir leikbrúður sínar og brautryðjandastörf sín á sviði Leikbrúðusýninga, heldur um þessar mundir mikla sýningu í kjallarasölum Norræna hússins. Tilefnið er, að listamaðurinn varð sjötugur nýlega og ekki fékk ég betur séð en að elstu leikbrúðurnar á sýningunni væru frá 1954 og þannig þritugar að aldri, og í allt fyllir þetta þannig samtals heila öld. Mesta rúmið á sýningunni taka 63 vatnslitamyndir, er virðast vera tækifærismyndir frá hálfu listamannsins, sem hann leggur hvergi nærri jafn mikla natni í né vinnu og leikbrúðurnar. Ein mynd fannst mér skera sig úr um myndræn gæði í lit, upp-

byggingu og útfærslu og var það myndin „Í Þjófadölum“ (30).

Athyglisverðasti þáttur sýningarinnar er tvímælalaust útskurðurinn og ber þar hæst myndina „Sjáandi hendur“, sem allt eins getur verið sjálfstjórning gerandans. Brúðurnar eru og margar haganlega gerðar og bera vitni barnslegri einlægni og sköpunarþörf, sem eru verðmætir eiginleikar hverjum einstaklingi er við listsköpun fæst.

Þess skal og sérstaklega getið að listamaðurinn er sjálfur á staðnum og kynnir handtökin sem tengjast strengjabrúðusýningum. Er það í fyrsta skipti í mörg ár sem Jón sýnir sjálfur en hann hefur á undanförunum árum séð um ýmsar aðrar hliðar á

brúðusýningum sínum og annarra.

Þetta er skemmtileg sýning heim að sækja en það er hin mesta furða og til vansæmdar, að ekki skuli einhver opinber stofnun sjá um slíka tímamótasýningu á lífsverki manns er glatt hefur svo mörg barnshjörta í þrjá áratugi og er algjör brautryðjandi um samfelldar brúðuleikhússýningar.

Vegleg sýningarskrá hefði átt að fylgja með ítarlegri kynningu á æviverki listamannsins á þessu sviði þrýdd mörgum litljósmyndum. Vonandi eigum við eftir og þá að sjálfsögðu listamaðurinn sjálfur að lifa slíka sýningu í náinni framtíð.



Guðni Erlendsson